



Hafnarfirði 5. júlí 2022

Hrefna Hallgrímsdóttir
forstöðumaður hitaveitu
Veitum ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Efni: Tilkynning Veitna um seinkun útboðsgagna fyrir Ásland 4 í Hafnarfirði

Vísað er til bréfs þíns frá 4. júlí 2022 um tilkynningu um seinkun útboðsgagna fyrir Ásland 4 í Hafnarfirði. Þær óvæntu tafir sem þar eru boðaðar í gerð útboðsgagna eru gífurlega kostnaðarsamar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og geta bæjaryfirvöld í Hafnarfirði ekki sætt sig við seinkun á þeim grundvelli sem rakinn er í bréfinu.

Aðalskipulag Hafnarfjarðar hefur sýnt stefnu bæjarins í uppbyggingarmálum um langt skeið. Byggingaráform í Áslandi 4 hafa því lengi legið fyrir. Hafnarfjarðarbær hefur í gegnum tíðina átt gott samtal við fulltrúa Veitna um áform bæjarins á hverjum tíma. Síðastliðið haust áttu fulltrúar Hafnarfjarðar fund með Veitum þar sem farið var yfir öll uppbyggingarmál á vegum bæjarins. Einnig hefur Hafnarfjarðarbær verið með upplýsingafundi með veitustofnunum í byrjun árs þar sem farið er yfir verkefni ársins í bænum. Þess utan hafa Hafnarfjarðarbær og Veitur átt í reglulegum samskiptum.

Veitum hefur verið kunnugt um uppbyggingaráform í Áslandi 4 um langt skeið og kemur því tilkynning um seinkun á gögnum frá Veitum svo seint í ferlinu mjög á óvart. Flækjustig sem talin eru upp í bréfinu var hægt að sjá fyrir og ætti að vera unnt að finna lausn á þeim innan þess tímaramma sem unnið hefur verið eftir.

Hafnarfjarðarbær hefur í hyggju að auglýsa lóðir í Áslandi 4 í næsta mánuði og hefur seinkun mikil áhrif á afhendingartíma lóða og þar af leiðandi á fjárhag sveitarfélagsins. Hafnarfjarðarbær getur ekki fallist á það að bera kostnað af því að önnur verkefni á vegum Veitna séu sett framur í forgangsröð eða vegna tafa af völdum sumarorlofa. Hér með er farið fram á að Veitur setji hönnun heitaveitu í Áslandi 4 í forgang og það verði tryggt að afhending lóða seinki ekki um allt að hálf ári vegna tafa á vegum Veitna.

Óskað er eftir svari við bréfi þessu innan þriggja daga frá dagsetningu.

Virðingarfyllst,

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri